

Konur sem umsækjendur á vinnumarkaði.

I kapitalisku markaðshagkerfi nútímans eru konur jafnt sem karlar vinnu af utan heimilisins. Konan aflar sér menntunar eins og karlar og starfspjálfunar eins og karlar og allt gengur eins og í sögu og hún hefur bjarta drauma og er jákvæð því það segir í sögu landsins að jafnrétti sé náð og kynjamisrétti sé úr sögunni með tilheyrandi jafnréttislögum og jafnréttisráði sem sett var til að vaka yfir hagsmunum kvenna gagnvart því kyni sem var betur sett. (Öþörf athugasemd, hér er átt við karlmenn!) Og kona dagsins í dag eru eins og áður segir, jákvæð nútímakona á framabraut eða barasta að vinna sér inn pening til að leggjast í ferðalög eða kaupa sér þetta og hitt litilræði af neysluvarningi. Hún er hin upplýsta íslenska kona sem telur sér alla vegi færa því hindranir á draumum um náið og framtíðina tilheyra fortíðinni í sögum um konur sem gengu í gegn um ómanneskjulegar þrengingar til að reyna að komast með tærnar þar sem karlmenn höfou hælana. Og hún er svo bjartsýn og sjálfsörugg að hún kippir sér ekki upp við það þó hún sé spuro þegar hún sækir um vinnu á lögfræðiskrifstofu hvort hún sé í sambúð og hvort hún eigi börn? nei, svarar hún. Ætlarou að eiga börn? Ha, tja ég veit það ekki, hef ekki pælt í því, jú sennilega einhvern tíma. Hvað kom þetta tölvukunnáttu hennar við, hvað var þessi ungi nýútskrifaði lögfræðingur að þvæla. Hvílik hnýsni, má maður (hugsar konan) ekki eiga einkalif þó maður sé að sækja um vinnu? Hún fékk að vísu ekki vinnuna án þess að hugsa neitt út í það nánar því sjálfstæð óháð nútímakvensa grætur slikt ekki heldur ræðour sig bara einhversstaðar annarsstaðar. Og þannig arkar hún áfram sinni svefngöngu í þyrnirósarsvefni alsæl og áhyggjulaus í landi þar sem piltar og stúlkur eiga jafnan rétt til menntunar og starfa. Og hana dreymir svo vel, svo undurvel. En svo einn daginn, hoppsabomm, veröldin breytir um svip. hún vaknar upp við barnsgrát og nýjan veruleika.

Hún sér að þjóðfélagið sem hún býr í er allt annað en hún hugoi. Og í stað þess að hugsa "ég vil, ég geri, ég get", eins og hún var vön, fer hún að hugsa "hvað get ég gert til að geta." Og það er þá sem hún uppgötvar að atvinnulífið er algerlega byggt upp fyrir karlmenn og af karlmönnum. ("Af hverju var ég ekki búin að sjá þetta fyrr?" hugsar hún.)

Það er engin sú starfsgrein í nútímaþjóðfélagi sem býður upp á að kona sé móðir samtímis (nema kannski það að vera bóndakona með

(2)

beljur eingöngu, rólegar og hagspakar kusur.) En kona í dag þarf að vinna áfram þó hún sé móðir og hún vill vinna áfram. Hún er enn sama konan finnst henni og barnið er jú bara viðbót við allt annað sem hún er að gera, en ekki fötlun sem á að setja henni stólinn fyrir dyrnar að atvinnulifinu. En þar kemur einmitt að augnablikinu þegar hún þarf að fara að kyngja raunveruleikanum í stórum munnbitum. Móðir er þyrnir í augum atvinnulifs sem gerir kröfur um starfskraft sem vinnur 40 stundir á viku eða meira, þarf ekki að fá fri úr vinnunni af því að dagmamman er veik eða dagheimilið lokao eða kennarafundur í skólanum eða barn er með eyrnabólgu eða rauðu hundarnir eru að gængi, eða það þarf að þerra tárin og kyssa á sárin, með öðrum orðum það þarf að vera "MAMMA". Og þetta fyrirbæri, "MAMMA", er ótryggt vinnuafli og ekki aðróvænlegt í augum atvinnurekenda og stuðlar síður en svo að hagvexti fyrirtækisins. Og það sem meira er, "MÖMMUNNI" þarf að gefa barneignarsír sem kostar fyrirtækio peningar ^{og ummatap} Framangreind óþægindi og óþarsa útgjöld vegna "MÖMMUNNAR" eru eitthvað sem karllegt módel atvinnulifsins vill sneiða hjá. En er það hægt? já auðvitað, með því að ráða karlmenn, þeir verða ekki "MÖMMUR". Þannig veikir það stöðu konunnar sem umsækjenda um atvinnu i samkeppni við karlmenn að vera væntanleg eða verandi móðir. Þó svo að kona ætti sér aldrei að eignast börn þá er sá möguleiki líffræðilega fyrir hendi og það er það sem atvinnurekandinn horfir á.

Ergo: Ein ástæðan fyrir því að við ungar konur erum að skera sneið af tíma okkar til hittast einu sinni í viku er sú að við erum uggandi um stöðu okkar í atvinnulifi sem er konum á mörgum svíðum fjandsamlegt.

Þyrnirós vaknaði ekki upp eftir hundræð ára svefn til þess að verða Öskubuska, heldur til að dansa í höllinni.

Íslenskar konur vöknudu ekki upp eftir hundruðir ára til að láta senda sig ~~þó~~ öskustónna daginn sem þær verða mæður.

Í öskudina

Síð um miðaðar, heimildar
fætur, en ðó þarfins fylgjast til hessi
ólliðið er ein þar með ófengið fyrir að fyrirvara
göra þar ólli

Ummer Karlssd.